

**27. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps  
haldinn á Kirkjubæjarstofu 14.3.2018 kl 15:00**

Mætt eru: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Umsögn um Áfangastaðaáætlun Suðurlands
2. Önnur mál

Jóna Björk formaður setur fundinn.

**Umsögn um Áfangastaðaáætlun Suðurlands**

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd er ánægð með innihald skýrslunar en telur að forgangsraða þurfi starfsmarkmiðum þar sem ljóst er að mörg þessara markmiða náist ekki á næstu þremur árum. Sem dæmi er óraunhæft; að öllum einbreiðum brúm ásamt því að gera 2+1 þjóðveg frá Selfossi að Jökulsárlóni/Höfn, hinsvegar mætti á þessum vegkafla setja ákveðna staði í forgang. Jafnframt mætti í ljósi atburða síðustu vikna hér í Skaftárhreppi leggja ennþá ríkari áherslu á bætt heilbrigðisþjónustu og slysavarnir.

**Önnur mál**

Formaður bendir á að núna er opin til umsagnar Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum „drög að verkefnaáætlun 2018-2020 og rennur umsagnarfrestur út 19.mars 2018. Nefndin mælist til þess að sveitarstjórn veiti umsögn um ofangreinda skýrslu.

Fundi slitið kl 16:30

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.

